

## Borg í Grímsnesi, Borgarbraut 20

3. júní 2015

Óveruleg breyting á staðfestu aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps, staðfest 1. mars 2010:

## ① Svæði fyrir þjónustustofnanir breytist í íbúðasvæði

Hér er um að ræða eina þjónustulóð (leikskóli) sem breytist úr stofnanalóð í íbúðarhúsalóð. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008-2010 er svæðið skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir, merkt Þ2 í töflu 17 bls. 137 í greinargerð og er um 0,2 ha að stærð. Við breytinguna mun aðliggjandi íbúðasvæði, merkt Íb1 (9 ha) stækka um 0,2 ha.

Að mati sveitarstjórnar er aðalskipulagsbreytingin óveruleg, þar sem hún felur ekki í sér breytingu á byggingarmagni svæðisins heldur eingöngu breytingu á skráningu einnar lóðar, þ.e. stofnanalóð verður að íbúðarhúsalóð.

Á lóðinni hefur verið byggt þjónustuhús (íbúðarhús) sem gert er ráð fyrir að breytist í íbúðarhús án umfangsmikilla breytinga.


Lóðin er tengd vatnsveitu sveitarfélagsins auk þess að vera með hitaveitu.

Í ljósi staðsetningar lóðarinnar, er ekki gert ráð fyrir að breytingin komi til með að hafa verulegar breytingar á landnotkun í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði. Fyrirhugað er að nýta þegar byggt hús sem íbúðarhús. Þá samræmist breytingin stefnu gildandi aðalskipulags varðandi íbúðarsvæði, sbr. kafla 18. *Borg - þéttbýli*, bls. 137 í greinargerð aðalskipulags Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 2 mgr. 36.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann.....<sup>24.6.</sup>.....2015.


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann.....<sup>24.6.</sup>.....2015.

*Abdósk Hattala* *Ólafur Brynjart Hildinn*



Staðfest aðalskipulag, Staðfest 1. mars 2010

mkv. 1 : 10.000



Breytt skipulag



	MÖRK SKIPULAGSBREYTINGA		OPIN SV.EDI TIL SÉRSTAKRA NOTA
	ÍBÚDASVÆÐI		LANDBÚNAÐARSV.EDI
	SV.EDI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR		VÖTN OG ÁR
	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSV.EDI		
	ATHAFNASVÆÐI		
	SV.EDI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ		